

Alþingi
Umhverfisnefnd
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

21. desember 2010

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um stjórn vatnamála, 298. mál.

Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins, Samtök ferðaþjónustunnar og Landssamband íslenskra útvegsmanna skiluðu umsögn (dags. 9. ágúst 2010) um frumvarp til vatnamála sem til umfjöllunar var á síðasta þingi (138. þing, 651. mál). Frumvarpið, sem nú er til umfjöllunar, hefur einungis tekið minni háttar breytingum og samtökin ítreka því fyrri afstöðu sína til málsins. Sérstaklega er mótmælt hugmyndum sem fram koma í greinargerð um að kostnaður við framkvæmd laganna verði fjármagnaður með sérstakri gjaldtöku á atvinnulíf.

Nauðsynlegt er að hófsemdar verði gætt við framkvæmd laganna og kostnaði haldið í lágmarki enda er sá vandi sem við er að etja hér á landi allt annars eðlis en í Evrópu. Hér rennur nánast allt vatn ósnert til sjávar en í Evrópu eru aðstæður víða allt aðrar eins og sjá má af neðangreindri töflu. Í fremri dálkinum má sjá magn ferskvatns í viðkomandi ríki í þúsund rúmmetrum á hvern íbúa á ári en í síðari dálkinum kemur fram hve hátt hlutfall ferskvatns er nýtt að jafnaði. Upplýsingarnar birtust í frétt Eurostat þann 10. desember 2010 (STAT/10/189) („-“ merkir að upplýsingar vanta).

Austurríki	10,1	-
Belgía	1,9	32%
Bretland	2,9	13%
Búlgarí	14,1	6%
Danmörk	3,0	4%
Eistland	9,2	15%
Finnland	20,7	-
Frakkland	2,9	17%
Grikkland	6,4	13%
Írland	10,7	2%
Ítalía	2,9	-
Kýpur	0,4	64%
Holland	5,4	11%
Lettland	14,9	1%
Litháen	7,3	9%
Lúxemborg	3,3	-
Malta	0,1	21%
Portúgal	6,9	-
Pólland	1,7	18%
Rúmenía	10,5	3%
Slóvakía	14,8	1%
Slóvenía	15,8	3%
Spánn	2,4	30%
Svíþjóð	19,8	1%



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS



Tékkland	1,5	12%
Ungverjaland	11,6	5%
Þýskaland	2,3	19%
Noregur	81,1	-
Sviss	6,9	5%
Tyrkland	3,3	-
Ísland	532,3	0%

Þetta er ekki sagt til þess að hvetja til þess að Íslendingar umgangist vatnsauðlindir sínar öðru vísi en af fullri ábyrgð en varpar óneitanlega ljósi á hvað margar þjóðir eiga við að etja.

Virðingarfyllst,

F.h. Samtaka atvinnulífsins

F.h. Samtaka iðnaðarins

F.h. Samtaka ferðapjónustunnar

F.h. Landssambands ísl. útvegsmanna